

REGLUR

**um breytingar á reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólan á Akureyri
með breytingum nr. 494/2011 og nr. 1133/2011.**

1. gr.

Í 2. málslíð 1. mgr. 8. gr. fellur orðið „kennslusviðs“ brott og í staðinn kemur orðið: nemendaskrár.

2. gr.

Í 1. málslíð 1. mgr. 15. gr. fellur orðið „tveggja“ brott og í staðinn kemur orðið: fjögurra.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. málslíð 1. mgr. 21. gr.:

Í staflið b) fellur orðið „kennslusvið“ brott og í staðinn kemur orðið: nemendaskrá.

Í staflið d) fellur heitið: „Upplýsingasvið“ brott og í staðinn kemur heitið: Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans á Akureyri.

Í staflið e) fellur heitið „RHA – Rannsókna og þróunarmiðstöð“ brott og í staðinn kemur heitið: RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Við greinina bætast tveir nýir stafliðir svohljóðandi:

f) KHA – kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri.

g) Náms- og starfsráðgjöf.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 23. gr.:

Heitið „Kennslusvið“ fellur brott og í staðinn kemur heitið: Nemendaskrá.

Í staflið b) fellur „Skrifstofuhaldi fyrir fræðasvið háskólans“ brott og í staðinn kemur: Fjar-kennslu.

Stafliðir d), e) og f) falla brott.

5. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 25. gr.:

Heitið „Upplýsingasvið“ fellur brott og í staðinn kemur heitið: Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans á Akureyri.

6. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 26. gr.:

Heitið „RHA – Rannsókna- og þróunarmiðstöð“ fellur brott og í staðinn kemur heitið: RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

7. gr.

1. málslíð 1. mgr. 24. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Markaðs- og kynningarvið sér einkum um markaðsmál og kynningarstarf skólans ásamt alþjóðasamskiptum, en kemur einnig að verkefnum í tengslum við almannatengsl og ráðstefnuhald.

8. gr.

Við IV. kafla bætist ný grein sem verður 27. gr. svohljóðandi:

KHA – kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri.

Markmið og hlutverk KHA – kennslumiðstöðvar HA er að veita faglega aðstoð við kennara við þróun kennsluháttar, hvort sem er í staðar- eða fjarnámi. Kennslumiðstöð veitir almenna ráðgjöf skv. skilgreindu hlutverki sínu, stendur fyrir námskeiðum og sinnir þróunarstarfi með áherslu á upp-

lýsingatækni og kennslufræði. KHA stuðlar að aukinni notkun tölvu- og upplýsingatækni í háskólanum og veitir nemendum og starfsfólki aðstoð og ráðgjöf á því sviði.

9. gr.

Við IV. kafla bætist ný grein sem verður 28. gr. svohljóðandi:

Náms- og starfsráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjöf veitir nemendum háskólans margvíslega þjónustu, stuðning og leiðbeiningar á meðan á námi stendur. Auk þess leiðbeinir náms- og starfsráðgjöf væntanlegum nemendum um val á námi og veitir ráðgjöf og upplýsingar um nám í háskólanum og þjónustu innan háskólans sem nemendur og almenningur eiga kost á. Náms- og starfsráðgjafi háskólans hefur umsjón með málefnum fatlaðra nemenda og nemenda með sértæka námsörðugleika.

10. gr.

Í stað 27. gr. hefst kafli V á 29. gr. Númer eftirfarandi greina í reglunum breytast í samræmi við það.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr.:

Í 1. málslíð 2. mgr. fellur orðið „Kennslusvið“ brott og í staðinn kemur: Nemendaskrá.

Í 1. málslíð 3. mgr. fellur orðið „skóli“ brott og í staðinn kemur: fræðasvið.

12. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði 23. janúar 2015, eru settar með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 18. maí 2015.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

Ögmundur Knútsson,
varaforseti háskólaráðs.

B-deild – Útgáfud.: 5. júní 2015